

Skákmaður HSB 2025 - Jakob Sævar Sigurðsson

Jakob Sævar Sigurðsson varð skákmeistari Goðans í fjórða sinn þegar hann vann sigur á Skákþingi Goðans 2025 sem fór fram í janúar. Jakob vann einnig Haustmót Goðans sem fram fór í október og svo vann hann sigur á Jólaskákmóti Goðans 2025.



Jakob vann næstum því öll mót sem hann tók þátt í ár árinu en hann rétt missti af sigrinum á Sumarskákmóti Goðans á oddastigum. Jakob tefldi alls 17 kappskákir á árinu og tapaði ekki í fyrstu 14 af þeim og tapaði aðeins tveimur af 17 atskákum sem hann tefldi á árinu. Jakob tefldi enga hraðskák á árinu.

Jakob Sævar Sigurðsson er því skákmaður HSB 2025